

Sveitarfélagið Ölfus	
Móttakið: 18.12.18	Málalykill: 09.20
Ísnúmer: 1811048	Ábm.: KJ

### Samþykkt um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa

1.gr

Skipulags- og byggingarfulltrúi vinnur og afgreiðir öll mál er falla undir lög um Mannvirki, nr. 160/2010.

**Um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa gilda, ákvæði mannvirkjalaga, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.**

#### 2. gr.

Afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa skv. 1. - 3. gr. skulu fara fram á formlegum afgreiðslufundum og skulu haldnar fundargerðir yfir afgreiðslur hans sem lagðar verða fram á næsta reglulega fundi skipulags-, byggingar- og umhverfisnefndar til kynningar. Í fundargerðunum skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt og hvernig afgreiðsu málið fékk hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Í fundargerð skipulags-, byggingar- og umhverfisnefndar skal koma fram að fundargerðin hafi verið lögð fram.

#### 3. gr.

Eftir að skipulags- og byggingarfulltrúi hefur afgreitt mál skal hann tilkynna málsaðila formlega um ákvörðun sína. Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju innan þriggja mánaða ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef aðstæður hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

#### 4. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðsu skipulags- og byggingarfulltrúa, er honum heimilt að skjóta afgreiðsu hans til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sbr. 52. gr. skipulagslagu nr. 123/2010. Skal aðilum leiðbeint um kæruheimild og kærufrest þegar um kæranlega ákvörðun er að ræða.

#### 5. gr.

- a. Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að úthluta lóðum samkvæmt reglum um úthlutun lóða sem bæjarstjórn setur.
- b. Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að samþykkja byggingaráform og gefa út byggingarleyfi séu þau í samræmi við deiliskipulag. Samb. 3. grein erindisbréfs Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefndar.

Þannig samþykkt í skipulags-, bygginga- og umhverfisnefnd 27. nóvember 2018, staðfest í bæjarstjórn 29. nóvember 2018.



**ÖLFUS**  
BÆJARSTJÓRI